

að tilkynna hjeraðslækni það tafarlaust, og koma með hundinn til hreinsunar á Blönduós.

50
6. maí

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að kr. 200,00, og renni hálf sektin í sýslusjóð en hinn helmingurinn til uppljóstrarmanns.

9. gr.

Mál er rísa út af reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. ág. 1927.

11. gr.

Með reglugjörð þessari er reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um lækning hunda af bandormum, frá 1902, úr gildi feld, að því er snertir Austur-Húnavatnssýslu.

Samþykkt á fundi sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu 28. febr. —6. mars. 1927.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 6. maí 1927.

B. Brynjólfsson.

SAMÞYKT

um

lokunartíma sölubúða í Hafnarfjarðarkaupstað.

51
22. júní

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna og kaupfjelaga, sem varning selja samkvæmt verslunarleyfi, skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykta þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis, þó með undantekningum, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum búðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis,

51

22. júní Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum búðum til miðnættis.

Á tímabilinu frá 15. júlí til 1. september skal á laugardögum loka búðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 45., 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum Þjóðkirkjunnar, skulu að því er lokun sölubúða snertir, einnig ná til sumardagsins fyrsta og 2. ágústs. — Ef 2. ágúst ber upp á sunnudag, skulu allar sölubúðir lokaðar 3. ágúst.

4. gr.

Á lokunartíma sölubúða samkvæmt framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum eða annarsstaðar, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. — Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

7. gr.

Með samþykkt þessari eru úr gildi fallin samþykkt 2. jan. 1919 og samþykkt um breyting á þeirri samþykkt 9. maí 1921.

Samþykkt þessi, staðfestist hjer með samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 til að öðlast gildi 15. júlí 1927, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. júní 1927.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.